

Vettvangsferðabók barnanna



**Unnin af elstu börnum í leikskólanum Tjarnarseli í
Reykjanesbæ
Vor 2005**

Aðdragandi að þessu verkefni var lokaverkefni mitt við leikskólabraut háskólans á Akureyri þar sem ég skrifa um umhverfismennt og hreyfingu leikskólabarna.

Við börnin á Sunnuvöllum elstu deild leikskólans Tjarnarsels í Reykjanesbæ höfum unnið þennan vettvangsferðar bækling með kennurunum okkar. Við skiptumst á að taka myndirnar sem eru í bæklingnum. Við höfum alltaf verið dugleg að fara í vettvangsferðir og okkur þykir það mjög gaman. Við erum líka búin að vera æfa okkur í þolinmæði og kurteisi því það er nauðsynlegt að vera þolinmóður og kurteis líka í umferðinni. Við höfum líka verið að æfa okkur í að sýna öðrum tillitsemi eins og félögum okkar í vettvangsferðum, og öllu fólkinu sem við hittum í ferðum okkar um bæinn.

Við erum langflottust.



Vatnsholt



Hér er ævintýraheimur. Það er skemmtileg gönguleið upp í Vatnsholt þar sem ýmislegt getur gerst..

Við æfum okkur í að klifra í trjánum, leikum okkur í eltingaleik, úlfaleikjum, apaleikjum og tröllaleikjum, Við hittum stundum hana Flumbru tröllkerlingu þá er nú fjör í eltingaleikjum. Grýluspor hafa sést í Vatnsholtinu alveg satt og stór hola er eftir grýlu og Flumbru þar getur maður lagt sig ef maður er þreyttur.

Okkur þykir leiðinlegt hvað er mikið rusl sem safnast saman í skógarreitnum, við förum með poka og hreinsum til, við þrifum í kring um litlu trén og gefum þeim áburð. Við finnum líka fullt af spýtum sem við tálguum og sögum heima í leikskólanum. Á veturna gefum við fuglunum að borða. Í Vatnsholtinu eru fallegir staðir þar sem hægt er að fá sér nesti.



Nónvarðan

Okkur finnst alltaf jafnspennandi að skreppa í Nónvörðuna stundum bjóðum við með okkur gestum eins og vinum okkar frá leikskólanum Gimli í Njarðvík þeim finnst líka gaman að klifra í vörðunni. Við förum líka í ýmsa leiki hér eins og álfaleiki og tröllaleiki, finnum tröllasúpu sem tröllin búa til. Oft erum við með vatnsliti með okkur eða krítar og málum á klettana og athugum síðan næst þegar við komum hvort eitthvað sé eftir af listaverkunum.



Hrauntúnsholtið



Það er mjög skemmtilegt að heimsækja Hrauntúnsholtið. Við förum oft í tröllaleiki og finnum tröllasúpu og svoléiðis mat. En það er hægt að fara í fullt af öðrum leikjum þar eins og úlfaleiki og prinsessuleiki. Það er heiti pottur í einum steininum þar förum við stundum í sólbað. Við förum við vatnsliti með okkur og útbúum útilistaverk eða erum með teiknipappír og liti. Því það er svo margt sem hægt er að gera úti í náttúrunni annað en að ganga **um**. En við förum varlega til að skemma ekki blómin það eru nefnilega svo flottar lúpínur í holtinu. Við erum með reipi í bakpokanum svo við getum æft okkur í að klifra í klettum.



Smábátahöfnin og hellirinn



Einn af upphaldsstöðunum okkar er hellirinn við smábátahöfnina. Við erum búin að uppgötva göng sem eru á milli stóru steinanna í grjótgarðinum, þar leikum við okkur með vasaljós og þegar við stöndum upp á klettunum sjáum við ljósin á Berginu, Vogana, Keilir, sjómannamerkið og fullt af fuglum. Við búum stundum til bát úr gamla grillinu. Inn í hellinum eru sko leppalúðaspor maður getur líka séð gull í hellinum kannski þar sé gullkista grafin í jörðu. Svo eru fullt af bátum í höfninni stundum kíkjum við á sjómennina og hjálpum þeim við uppskipun.



Baldur KE



Þegar við heimsækjum Baldur þá þykjumst við vera sjómenn að veiða fisk. Við skoðum líka í lestina og förum upp í brú til þess að prófa stýrið þá erum við flottir skipstjórar. Það er mikil kjarkæfing að klifra upp brattan stigann, en við förum alltaf varlega. Svo er nú flott útsýni úr Baldri því er gott að hafa kíkinn með í ferð.



Gamla Keflavíkurtúnið er rétt hjá Baldri við förum stundum þangað til að hlaupa um og leika okkur en það er leynistaðurinn okkar við fáum okkur nesti í tóftunum sem eru þar.



Fjaran í Innri-Njarðvík

Stekkjarkot

Við förum stundum í fjöruna í Innri- Njarðvík. Þar finnum við skeljar alveg geggjað og mikið af kuðungum. Við vöðum í sjónum, þegar er fjara er stundum eyja þá getum við verið að vaða þangað. Við fundum fiskaegg. (beitukóngsegg) og olíutunnu.



Við fundum plast sem við reyndum að sigla á en það gekk ekki vel, þá drukknuðum við á tánum. (blotnuðu í fæturna)



Það er ýmislegt sem finnst í fjörunni, við höldum stundum að fólk noti fjöruna sem ruslatunnu það er sko sorglegt. Stundum finnum við dáið dýr eins og fugla síðast fundum við tvo dána fugla. Við veltum fyrir okkur hvort það væru nokkuð sjóræningjar í fjörunni en við höldum samt ekki.



Við komum oft við í Stekkjarkoti í heimleiðinni og fáum okkur nesti og hvílum okkur áður en lagt er að stað heim. Það er svaka flott gamalt hús eða torfbær sem enginn áheima í en má skoða þegar maður fær leyfi. Þar getum við séð hvernig fólkið bjó í gamla daga.



Tröllin í Reykjanesbæ



Tröllin fóru nú að skjóta upp kollinum víðs vegar um Reykjanesbæ fyrir nokkrum árum. Okkur finnst skemmtilegt að heimsækja þau hvort sem niður við sjó eða upp í heiði. Við klifrum stundum í þeim og kíkjum á nefið. Á sumrin gefum við þeim stundum blóm til að halda á. Við búum líka til tröllafjölskyldusögur, það er sko skemmtilegt. En við verðum að fara varlega þegar við erum að klifra í tröllunum því það er ekki gott að detta og meiða sig.



Það hefur verið virkilega gaman að vinna að þessum bækling með börnunum þau hafa verið opin, skemmtileg og áhugasöm. Mest spennandi var að vera með myndavélina og taka myndir af því sem þeim þótti áhugavert. Börnin eru afskaplega meðvituð um umhverfi sitt og vilja hafa hreint og fínt í bænum sínum.

Fyrir hönd barnanna á Sunnuvöllum

Margrét Kolbeinsdóttir